

## Setning

*Pórir Ingason  
Vegagerðinni*

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar er haldin í 8. sinn þann 6. nóvember 2009. Skráðir þátttakendur eru um 160 talsins.

Ekki var alveg sjálfsagt að halda ráðstefnuna í ár, í ljósi kreppunnar margumtöluðu. Eitt kreppumerki verða ráðstefnugestir þó varir við, en það var að í þetta sinn er ekki dreift möppum með ágripum erinda eins og verið hefur, heldur aðeins einu blaði með dagskrá auk lista yfir þátttakendur. Ágrip erindanna og glærur sem fyrirlesrarar notuðu er hægt að nálgast á vef Vegagerðarinnar.

Í framhaldi af krepputali er rétt að gera aðeins grein fyrir stöðu rannsóknasjóðsins út frá því sjónarmiði. Við setningu ráðstefnunnar 2008 lýsti undirritaður þeirri von sinni að sú kreppa sem fyrirsjáanlega skylli á okkur yrði ekki til þess að rannsóknasjóðurinn yrði skorinn niður. Því miður rættist sú ósk ekki og fjárveitingar sem ákveðnar voru í fjárlögum þessa árs (2009) voru lækkaðar. Þó var verra að inneignir frá fyrra ári voru skornar af en það hefur þýtt að nota þarf hluta fjárveitinga þessa árs, til að greiða fyrir verkefni sem fengu styrk 2008. Formlega lauk „rannsóknarárinu“ sem hófst með úthlutun í febrúar 2008 ekki fyrr en 31. mars á þessu ári og því voru reikningar að berast vegna verkefna síðasta árs, fram eftir þessu ári. Við siglum því dálítið óvissan sjó hvað þetta allt varðar, en vonumst til að ná til lands samt sem áður.

Undirritaður nefndi það líka við setninguna í fyrra að ekki væri ólíklegt að í ljósi ástandsins mætti búast við að ásókn í rannsóknasjóðinn yrði meiri en áður, þegar samdráttur er annars staðar. Það reyndust orð að sönnu og í ár voru umsóknirnar 230 talsins og sótt um samtals 465 milljón krónur, sem er met hingað til. Við höfðum hins vegar 152 milljónir til úthlutunar og því varð að hafna mjög mörgum umsóknum. Líklegt er að ástandið verði svipað þegar auglýst verður eftir umsóknum í upphafi næsta árs, en því miður munum við þá hafa enn minna úr að spila. Í fyrirliggjandi tillögu að fjárlögum er miðað við 139 milljónir í rannsóknasjóð. Í þessu sambandi er þó rétt að rifja upp að í vegalögum segir að ár hvert skuli **a.m.k. 1,5%** af mörkuðum tekjustofnum vegagerðar varið til rannsókna. Þessar 139 milljónir eru mun lægri tala en ef reiknaðar eru 1,5% af áætluðum mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar í sömu tillögum að fjárlögum. Hér er því hægt að segja að vegalög séu brotin, en fróðir menn segja að erfitt sé um vik að ná leiðréttingu á þessu. Eina leiðin væri hugsanlega að fara í mál. Þá yrði Vegagerðin líklega að fara í mál við Fjármálaráðuneytið og óljóst hvernig því myndi reiða af. Þetta er þó umhugsunarefni og undirritaður telur að það ætti að skoða það frekar, hvernig svo sem það verður gert.

Eins og endranær eru erindi á ráðstefnu dagsins um fjölbreytt efni. Það má því kannski segja að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi, en undirritaður vill þó orða það þannig að erindin séu hvert og eitt við allra hæfi. Það er einmitt gott að heyra erindi og umfjöllun um eitthvað sem við persónulega erum ekki endilega að fjalla um daglega. Það eykur víðsýni. Auk erindanna hanga 3 veggspjöld uppi í forsalnum.

G.Pétur Matthíasson, upplýsigafulltrúi Vegagerðarinnar stýrir ráðstefnunni.

Þórir Ingason.